

Söngdagskrá Ísaksskóla 2024-2025

13.- 16. Maí

Skipulagsdagur á mánudegi

Dýrka mest

Hvað með það

Maístjarnan (1. Og 2. erindi)

Vorið góða grænt og hlýtt

Er sólin skín á skjá

19.- 23. Maí

Vikivaki

En það sólskin

Maístjarnan(öll erindin)

Dýrka mest

Hvað með það?

Vorið góða grænt og hlýtt

26.- 30. Maí

Uppstigningardagur á fimmtudegi

Skólasöngur

Út um mela og móa

Dýrka mest

Vikivaki

En það sólskin

Er sólin skín á skjá

Lag: Boris Fomin

Ljóð: Emilía Baldursdóttir

Hvað er fegra' en vorið eftir vetur?

Veistu nokkuð hlýrra' en sumaryl?

Hátt í lofti heyrir spóatetur

hlakka yfir því að vera til.

Er sólin skín á skjá,

skemmtilegt finnst mér þá.

Skelfing er gaman er vorið nálgast fer.

Mér finnst ég morgunhress,

að mestu laus við stress,

mikið er gott að heyra líkt frá þér.

Lækurinn sem laumaðist í mónum,

lætur nú sem vitið hafi misst.

Grasið fer að grænka undan snjónum.

Gettu hvern mig dreymdi' að hafa kysst?

Er sólin skín á skjá...

La la la la la la...

Hvað með það?

Lag og ljóð: Daði Freyr Pétursson

Það er skrítið að segja,

því ég var að sjá þig í fyrsta sinn.

En samt einhvern veginn veit ég,

að þetta eru örlögin.

Er þú heilsar mér,

ég bara stari dreyminn.

Ekki horfa á mig,

ég verð allt of feiminn.

Ég held ég hafi aldrei fundið

þessa tilfinningu fyrr en núna.

Ég veit þú varst að hitta mig og

ég var líka að hitta þig og hvað með það?

Ég segi hæ og tíminn stendur í stað,

er búinn að gleyma hvernig samræður virka.

Þú segir hæ aftur og ég ætla að opna

muninn,

en þú stoppar mig um leið og segir:

Ég veit alveg hvað þú ert að ganga í gegnum,

því ég finn það líka.

Það er ekkert gaman hér hvort sem er.

Eigum við að kíkja heim?

Ég held ég hafi aldrei fundið.....

Vorið góða, grænt og hlýtt

Lag: F. Mendelssohn

Ljóð: H. Heine / Jónas Hallgrímsson

Vorið góða, grænt og hlýtt,
græðir fjör um dalinn,
allt er nú sem orðið nýtt,
ærnar, kýr og smalin.

Kveður í runni, kvakar í mó
kvikur þrastasöngur;
Eins mig fýsir alltaf þó:
aftur að fara' í göngur.

Dýrka mest

Lag og ljóð: Jón Jónsson

Góðan daginn, ert'ekk'að djóka
þarna er gamla góða gula upp'að spóka sig
Allt í góðu lagi, já allt í blóma
Þó að sólin hverfi fæ ég samt að horfa á þig

Þú ert óaðfinnanleg
og ég finn að mér
bara líður alltaf vel
þegar ég er með þér

*Ég dýrka þegar sólin fer að skína
Ég dýrka þegar blómin springa út
Ég dýrka þegar úti fer að hlýna
En staðreyndin er sú, jú
Það sem ég dýrka mest ert þú*

Ég dýrka þig í sólstöfum
og ég dái þig í viðvörun
Ég dýrka þig í smá skömmtum
og ég þrái þig í bílförum

Þú ert óaðfinnanleg.....

Ég dýrka þegar....

Maístjarnan

Lag: Jón Ásgeirsson

Ljóð: Halldór K. Laxness

Ó hve létt er þitt skóhljóð
ó hve lengi ég beið þín,
það er vorhret á glugga,
napur vindur sem hvín,
en ég veit eina stjörnu,
eina stjörnu sem skín,
og nú loks ertu komin,
þú ert komin til mín.

Það eru erfiðir tímar,
það er atvinnuþref,
ég hef ekkert að bjóða,
ekki ögn sem ég gef,
nema von mína og líf mitt
hvort ég vaki eða sef,
þetta eitt sem þú gafst mér
það er alt sem ég hef.

En í kvöld lýkur vetri
sérhvers vinnandi manns,
og á morgun skín maísól,
það er maísólin hans,
það er maísólin okkar,
okkar einingarbands,
fyrir þér ber ég fána
þessa framtíðarlands.

Vikivaki

Lag: Valgeir Guðjónsson

Ljóð: Jóhannes úr Kötlum

Sunnan yfir sæinn breiða
sumarylinn vindar leiða.
Draumalandið himinheiða
hlær og opnar skautið sitt.
Vorið kemur, heimur hlýnar,
hjartað mitt!

Gakk þú út í græna lundinn,
gáðu fram á bláu sundin.
Mundu, að það er stutt hver stundin,

stopult jarðneskt yndi þitt.
Vorið kemur, heimur hlýnar,
hjartað mitt!

Aaaa, aaaaa.
Vorið kemur, heimur hlýnar,
hjartað mitt!

Allt hið liðna er ljúft að geyma,
láta sig í vöku dreyma.
Sólskinsdögum síst má gleyma,
segðu engum manni hitt!
Vorið kemur, heimur hlýnar,
hjartað mitt!

Aaaa, aaaaa.
Vorið kemur, heimur hlýnar,
hjartað mitt!

En það sólskin

Suðurjóskt þjóðlag
Ljóð: Aðalsteinn Sigmundsson

En það sólskin um mýrar og móa,
merki vorsins um haga og tún, gróandi tún.
„Dýrðin“, syngur í loftinu lóa.
Lyftast tekur á Íslandi brún, lyftist vor brún.

Nú er glatt og gaman.
Syngjum fjörugt: ha, ha, hæ, svo hljómi úr bæ
út á víðan sæ.
Tröllum hæ!
Nú taka mun úr fjöllum allan snæ.
Tra, la, la læ,
tra, la, la, læ,
tra, la, la, læ.

Skólasöngur

Lag og ljóð: Björk Sigurðardóttir

Með fjör í augum, framtíð bjarta,
fyrir en varir byrja
lítil börn með lungu og hjarta
að leika sér og spyrja.

Í skóla fá þau svör og starf,
söng og gleði skarta,
visku, dyggð og von í arf,
í veganesti að narta. „

*„Lífið er eins og lækur sprækur,
lesum fleiri og fleiri bækur.
Lífið er eins og lækur sprækur,
lesum fleiri bækur.“*

Börnin ná í boltann sinn,
bjallan var að hringja,
úr frímínútum flykkjast inn
og fara svo að syngja.
Þau langar til að líða vel,
lesa, skrifa og reikna,
fá vinskapa, hlýju og vinabel,
í vinnubækur teikna.

*„Lífið er eins og lækur sprækur,
lesum fleiri og fleiri bækur.
Lífið er eins og lækur sprækur,
lesum fleiri bækur.“*

Út um mela og móa

Lag og texti: Höfundur óþekktur

Út um mela og móa
syngur mjúkrödduð lóa
og frá sporléttum spóa
heyrist sprellfjörugt lag.

A-a-a
hollerassí hí og hollerassíhú gúgú
hollerassí hí og hollerassíhú gúgú
hollerassí hí og hollerassíhú gúgú
hollerassí hí og hú.

